

# Skýrsla stjórnar 2009-2010

Ágætu félagar

Það voru haldnir 6 stjórnarfundir á starfsárinu en mest notuðum við tölvupóst til samskipta.

Viðfangsefni stjórnar hafa aðallega verið eftirtalin verkefni:

1. Samningur við Póstinn til eins árs um 7% afslátt á millisafnalánasendingum. Síðasta stjórn sá að mestu um að semja við Póstinn, við rákum einungis endahnútinn og skrifuðum undir samninginn. Hann verður endurskoðaður í júlí og þá metið hvort hægt sé að fá meiri afslátt, en það fer allt eftir því hve umfangið hefur verið mikið.
2. Samskipti við skorarformann í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ vegna námskeiðs um almenningubókasöfn. Þið hafið fylgst með gangi þessa máls á undanförunum fundum og þess á milli á finu og því óþarfi að rekja það hér ítarlega en farsæl lausn fannst á málinu þegar Borgarbókasafn tók að sér að sjá um verkefnið og munu Anna og Óskar gera grein fyrir hvernig mál standa á vorfundinum á morgun.
3. Kynningarmálin eru enn á dagskrá og fundaði stjórn með fulltrúum stjórnar Upplýsingar um tillögur kynningarnefndarinnar. Niðurstaða þess fundar var að hefja vinnu við að láta hana logo við slagorðið nýja: Bókasöfn – heilsulind hugans. Marta Hildur mun gera grein fyrir stöðu málsins á fundinum á morgun og leggja fram tillögur sem við þurfum að ræða og taka afstöðu til.
4. Ritari skrifaði grein um mikilvægi almenningubókasafna sem mun birtast í Sveitarstjórnarmálum innan tíðar. Það hefur dregist að fá hana birta því erfiðlega hefur gengið að koma henni í hendur réttara aðila.
5. Vefur samtakanna. Stjórn er á einu máli um að mjög mikilvægt sé fyrir samtökin að halda úti góðum vef til að geta miðlað upplýsingum til félagsmanna sem eru dreifðir um allt land. Við töldum einnig mikilvægt að setja vefinn upp í aðgengilegu vefumsjónarkerfi og nú er búið að finna open source forrit og byrjað er setja upp nýjan vef í því. Með því getum við að auki sparað peninga og losnað við að greiða stofngjald og mánaðargjald, en þurfum eftir sem áður að greiða fyrir vistun á léni og svo fyrir uppsetningu á vefnum. Vefurinn verður kynntur hér á eftir undir liðnum önnur mál.
6. Höfundarréttarmál. Sigurður Vigfússon er fulltrúi okkar í starfshópi um höfundarrétt. Hópurinn fékk drög að nýju frumvarpi til umsagnar í árslok 2009. Almenningsbókasöfn hafa nú fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á höfundalögum og hef ég beðið Sigurð að senda okkur upplýsingar um málið og alit nefndarinnar á frumvarpinu.
7. Haustfundur var haldinn í Bókasafni Seltjarnarness 16. október 2009. 20 félagar mættu á fundinn og var hann óvenju stuttur að þessu sinni, einungis hálfur dagur, vegna námskeiðs sem Upplýsing hélt á sama tíma. Meginþema fundarins var framtíðarsýn og fluttu sex félagar framsögu um máli.
8. Stjórn var viðstödd opnun nýs og glæsilegs húsnæðis Bókasafns Akraness 30. september 2009 og óskum við þér enn og aftur til hamingju, Halldóra.
9. Stjórn er búin að óska eftir tíma fyrir haustfund SFA á Landsfundi Upplýsingar í september n.k skv. venju.
10. Félagar í samtökunum okkar eru nú 48. 3 söfn hafa hætt þátttöku á síðustu árum. Skv. upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu eru almenningubókasöfn í landinu 77, spurning hve mörg þeirra sem ekki eru í samtökunum eru virk, en gerðar hafa verið nokkrar tilraunir til að fjölga félögum á undanförunum árum. Stjórn telur brýnt að samtökin komi sér upp ýmsum starfsreglum s.s. um gjafir vegna afmæla og opunar á nýju húsnæði. Eins er ekki nógu ljóst í öllum tilfellum hvort fulltrúar almenningubókasafna í ýmsum nefndum og ráðum séu tilefndir af SFA, Upplýsingu eða bara kallaðir til s.s. í stjórn landsaðgangs og höfundarréttarhópnum. Stjórn hyggst fara vel í gegnum öll gögn samtakanna og koma þessum málum á hreint og leggja fram tillögur, ef með þarf, á næsta fundi.
11. Markmið samtakanna  
Mig langar að enda þessa skýrslu á að les markmið samtakanna eins og þau hljóða í 3. gr. laganna.

Markmið samtakanna eru...

- a) að vera samstarfsvettvangur forstöðumanna almenningubókasafna
- b) að koma sameiginlega fram í málefnum sem varða almenningubókasöfn á Íslandi
- c) að fjalla um þau mál sem snerta starfssvið almenningubókasafna
- d) að fylgjast með lagasetningum og nýjungum á sviði almenningubókasafna.
- e) að standa fyrir fræðslu, námskeiðum og ráðstefnum um málefni almenningubókasafna.
- f) að stuðla að opinberri umræðu um almenningubókasöfn
- g) að vinna að þróun og eflingu almenningubókasafna á Íslandi.
- h) að eiga samstarf við félög forstöðumanna almenningubókasafna erlendis.

f.h. stjórnar  
*Hulda Björk Þorkelsdóttir*  
formaður